

bola til fjárnáms, en upplýsir, að gerðarþoli sé þinglesinn eigandi að efri hæð húseignarinnar Sólvallagötu 12. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í þeirri eign.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í efri hæð húseignarinnar að Sólvallagötu 12, þinglesinni eign gerðarþola Gunnars Einarssonar, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíðabyrgð að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1968.

Nr. 112/1967. **Vilhjálmur S. Jóhannsson**

(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Indriða Björnssyni

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnám. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómurinn í máli þessu var uppkveðinn 25. marz 1966. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 var liðinn, þegar áfrýjandi áfrýjaði málinu, og hann hafði eigi aflað áfrýjunarleyfis samkvæmt 4. mgr. 20.

gr. sömu laga. Verður því að vísa málinu að þessu leyti frá Hæstarétti.

Að því er varðar hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, þá eru eigi á henni þeir gallar, er til þess leiði, að hún verði felld úr gildi, og verður hún því staðfest.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu, að því er varðar hinn áfrýjaða héraðsdóm, er vísað frá Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Vilhjálmur S. Jóhannsson, greiði stefnda, Indriða Björnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. þ. m., af Jóni Ólafssyni héraðsdómslögmanni f. h. Indriða Björnssonar, Ásvallagötu 1, Reykjavík, gegn Jóhanni Vilhjálmsyni, Kaplaskjólsvogi 47, og Vilhjálmi S. Jóhannssyni, Hörpugötu 14 í Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 62.430.00, útgefins 10. janúar 1965 af stefnda Vilhjálmi S. Jóhannssyni og samþykkt af Jóhanni Vilhjálmsyni, til greiðslu í Útvegsbanka Íslands hér í bæ 10. marz 1965, en á víxli þessum, sem fallið var frá afsögn á, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 62.430.00, með 1% dráttarvöxtum frá gjalddaga hans á mánuði, 10. marz 1965, til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefndi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.750.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Vilhjálmsen og Vilhjálmur S. Jóhannsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Jóni Ólafssyni f. h. Indriða Björnssonar, kr. 62.430.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. marz 1965 og kr. 8.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fúgetadómi Reykjavíkur 5. júní 1967.

Ár 1967, mánudaginn 5. júní, var fúgetaréttur Reykjavíkur settur að Hörpugötu 14 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1388/1967: Indriði Björnsson gegn Vilhjálmi S. Jóhannssyni.

Fúgeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 1460/1966. Nr. 1 og 2 fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Ólafsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 62.430.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. 3. '65 til greiðsludags, kr. 8.750.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur og enginn heima, er mætt gæti af hans hálfu.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fúgeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 14 við Hörpugötu.